

Alþingi

Erindi nr. 116 12014

komudagur 7 19 1993

Reykjavík, 13. ágúst 1993

BMI7/dana

Hr. dómsmálaráðherra  
Þorsteinn Pálsson  
Amarhvali  
150 Reykjavík

Herra dómsmálaráðherra,

Við undirritaðir höfum móttengið afrit af bréfi hæstaréttarlögmannanna Jóns Steinars Gunnlaugssonar, Viðars Mús Matthíassonar, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar, Atla Gíslasonar og Sigurðar G. Guðjónssonar sem dagsett var til yðar 5. ágúst 1993. Þar er m.a. gagnrýnd skipun okkar undirritaðra í örorkunefnd.

Við getum ekki settið undir þeim ásökunum og rógburði sem kemur fram í bréfi háttvirtra hæstaréttarlögmannanna og erum furðu lostnir yfir því að jafnmikilsvirtir aðilar skuli láta fara frá sér umrætt bréf.

Við höfum ekki fyrr orðið varir við að hæfni okkar og óhlutdrægni hafi verið dregin í efa. Veitst er að starfsheildri okkar að því er virðist vegna þess að ekki hafa allir sömu skoðanir á öllum málum. Við höfum áralanga reynslu í meðferð á áverkum og afleiðingum eftir áverka á stoðkerfi, þar á meðal svokallaða hálsþnykksáverka. Það að gefa til kynna að við höfum verið handbendi tryggingafélaga og hlutdrægir er alvarlegur rógburður og ofanefndum hæstaréttarlögmonnum ekki til sóma.

Tryggingaskólinn gaf út í apríl 1992 ritið "Nokkur sjónarmið lækni varðandi lækni-fræðilegt örorkumat" eftir dr. Gísla Einarsson. Ritið veitir almennar upplýsingar þótt allir séu ekki á einu máli um það sem þar stendur. Úr ritinu er vitnað til setningar sem tekin er úr samhengi sínu og höfundur á þeim grundvelli gerðar upp skoðanir sem hann hefur ekki og sem hvergi koma fram í ritinu. Bréfritarar bíta síðan höfuðið af skömminni með því að segjast kunnugt um fjölda lækna sem telji þessar skoðanir út í bláinn! Á sama hátt er ritið "Hálsþnykks-áverkar: Tíðni, orsakir og aðgerðir gegn þeim" (Fylgirit nr. 2 við Heilbrigðisskýrslur 1992), útgefið af Slysavarnaráði Íslands til þess að auka skilning á hálsþnykksvandamálinu. Þessu riti hefur almennt verið vel tekið en ekki eru heldur allir hér á einu máli.

Ofanefndir hæstaréttarlögmenntu að fagna því að reynt sé að upplýsa almenning í landinu heldur en að starfa í kyrrþey. Hæstaréttarlögmonnunum ætti fremur en flestum öðrum að vera kunnugt um að ekki eru allir á einu máli um einstaka mál.

Í bréfi hæstaréttarlögmannanna er því haldið fram að fyrrum trúnaðarlækni Vátryggingafélags Íslands hafi verið sagt upp og að Brynjólfur Mogensen hafi verið ráðinn trúnaðarlæknir í staðinn fyrir Vátryggingafélagið. Brynjólfur starfaði fyrir Vátryggingafélagið um sjö mánaða skeið að einstaka verkefnum og þar af í um þrjá mánuði áður en fyrrum trúnaðarlækni félagsins var sagt upp. Uppsögnin á fyrrum trúnaðarlækni Vátryggingafélags Íslands á sér aðrar orsakir en getið er um í bréfi hæstaréttarlögmannanna eftir því sem Brynjólfur Mogensen best veit.

frh.


Við sóttumst hvorugir eftir því að verða skipaðir í örorkunefnd. Um þrýsting utanaðkomandi aðila í þá átt að fá okkur skipaða vitum við ekki um.

Þegar sérfræðingar ráðuneytisins höfðu samband við Brynjólf Mogensen og báðu hann um að taka sæti í nefndinni óskaði hann eftir vikufresti til þess að fhuga málið. Jafnframt óskaði hann eftir því að sérfræðingar ráðuneytisins könnuðu hvort þeir teldu meinbugi á því að hann væri í örorkunefnd og jafnframt yfirlæknir Slysadeildar Borgarspítalans. Sérfræðingar ráðuneytisins komust að þeirri niðurstöðu að ekki væri á þessu meinbugir og strekuðu fyrri óskir um að Brynjólfur Mogensen tæki sæti í nefndinni.

Við hörmum þá leið sem bréfritarar hafa valið, að tortryggja faglegan heiður okkar, í stað þess að ræða hugsanlegan málaefnalegan ágreining við umfjöllum örorku, með fullri virðingu fyrir fagþekkingu hverra annarra.

Að auki fáum við undirritaðir ekki annað séð en að hæstaréttarlögmennirnir dragi í efa hæfni sérfræðinga ráðuneytisins, ráðuneytisstjórans og yðar, herra dómsmálaráðherra, til þess að vega og meta stöðuna í þessu máli.

Virðingarfyllst,



Brynjólfur Mogensen, dr/med.  
Slysadeild Borgarspítalans  
108 Reykjavík



Gísli Einarsson, dr. med.  
Reykjalundi  
170 Mosfellsbæ

Fylgirit:

Hálshnykksáverkar: Tíðni, orsakir og aðgerðir gegn þeim (Heilbrigðisskýrslur, fylgirit 1992, nr. 2)

Afrit:

Arnljótur Björnsson, prófessor  
Atli Gíslason, hrl.  
Jóhann H. Níelsson, hrl.  
Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl.  
Magnús Páll Albertsson, læknir  
Magnús Ólason, læknir  
Nefndarmenn í Allsherjarnefnd Alþingis  
Ragnar H. Hall, hrl.  
Sigurður G. Guðjónsson, hrl.  
Viðar Már Matthíasson, hrl.  
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hrl.